



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

4.maí 2015

## Mættir:

Elín Smáradóttir –formaður	Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild
Ragnar Rafnsson – gjaldkeri	Sigurður Örn Jónsson -fimleikadeild
Hreinn Októ Karlsson – ritari	Hannes Birgisson– handknattleiksdeild
Sigrún Hallgrímsdóttir- meðstjórnandi	Magnús Gunnarsson– knattspyrnudeild.
Arnar Rafn Birgisson -meðstjórnandi	Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri
Kristinn Þorvaldsson-varamaður	Kristín Finnþogadóttir – framkvæmdarstjóri Gróttu
Pétur Blöndal-varamaður boðaði forföll	

## Dagskrá:


1. Yfirlit deilda
  2. Bréf knattspyrnudeildar til ÍTS v/gervigrass
  3. Bréf frá blakdeild
  4. Sumarnámskeið
  5. Önnur mál
- 

Fundur settur af formanni og byrjað á fyrsta lið dagskrár.

### 1. Yfirlit deilda

#### **Fimleikadeild**

Sigurður formaður fimleikadeildar frá því að unnið væri í því að fá þjálfara fyrir deildina fyrir næsta veturna og gengur það ekki vel. Búið er að fá þjálfara frá Bandaríkjunum út þetta tímabil og mun líka koma kona frá Rússlandi í prifu í eina viku á vorönn. Fleiri fimleikadeildir eru að glíma við sama vanda og Gróttu í þjálfaramálum. Stjórn fimleikadeildar er að endurskoða gjaldskrána með tilliti til þess að hækka hana á næstu önn. Sigrún H á plagg frá síðustu stjórn fimleikadeildar þar sem var búið að leggja upp þrepahækkanir á næstu árum og mun hún senda fimleikadeildarformanni það. Aðstaðan var rædd og voru allir sammálaum að hún væri ekki boðleg. Sigurður taldi líka að að væri hægt að fjölga iðkendum í deildinni ef kæmi til stækkun íþróttamiðstöðvarinnar. Nú þegar eru iðkendur farnir að fara í önnur félög þar sem aðstaðan er betri og erum við að missa fyrirmyn dir yngstu barnanna frá okkur.



### **Handknattleiksdeild.**

Hannes kom í forföllum Arnars og tók hann á móti hamingjuóskum frá öllum varðandi árangur meistaraflokks kvenna. Þær unnu ÍBV í undanúrslitum Íslandsmótsins og eru komnar í úrslit. Þau hefjast þriðjudaginn 5.maí í Herzt höllinni. Hannes hvatti alla að koma á leikinn.

### **Kraftlyftingadeild.**

Erla Kristín sagði frá því að innanfélagsmót Gróttu hefði verið haldið laugardaginn 2.maí. Mótið tókst með stakri prýði og var eftirtektarvert hve margar konur tóku þátt eða um 40 en einungis 2 karlmenn. Verið er að vinna í því að fjölga karlmönnum í deildinni. Landliðsbjálfari og stjórnarmaður KRAFT mættu á mótið. Innanfélagsmótið var ekki sett á mótaskrá KRAFT vegna einhverra reglna hjá KRAFT og munu því öll met sem sett voru á mótinu ekki fást staðfest. Umrætt KRAFT hætti við að senda þrjár konur frá Gróttu á NM öldunga í Finnlandi og gaf ekki neinar skýringar á af hverju var hætt við það. Á döfinni hjá kraftlyftingadeild er Íslandsmeistaramót í lok maí í búnaði, ekki á kjötinu. Fanney Hauks á leiðinni á HM í maí og eru mikilar vonir bundnar við að hún muni standa sig vel. Ingimundur þjálfari hjá kraftlyftingadeild hefur verið með unglings í þjálfun hjá sér og hefur komið upp sú hugmynd að stofna unglingsdeild í kraftlyftingadeildinni. Eins og hjá fimleikadeild er aðstaðan ekki viðunandi.

### **Knattspyrnudeild**


Magnús sagði frá því að allt væri að fara á fullt hjá þeim núna. Búið er að halda peppfundi og setja sér markmið hjá meistaraflokk karla. Markmið þeirra er að halda sér í 1.deild sem þeir unnu sig upp í sl. summar, verður erfitt en skemmtilegt verkefni. Reynt hefur verið að styrkja liðið en menn bera fyrir sig að völlurinn sé lélegur og vilja ekki koma. Rætt var um að það þyrfi að fara að skipta um grasið enda orðið 9 ára gamalt og gefið var út að svona gras entist í 7-10 ár. Nokkuð hefur verið um meiðsl hjá ungu leikmönnum þar 3 í alvarlegum meiðslum. Búið er að róta upp gúmmí á vellinum en það er ekki nóg.

Magnús sagði líka frá því að knattspyrnudeild bjóði uppá aukaæfingar í maí fyrir unga iðkendur frá eldra ári í 6.fl upp í 3.fl. Foreldrar eiga að skrá sig á æfingarnar, takmarkaður fjöldi kemst að.

Fb síða knattspyrnudeildar þarfnað uppþærslu og spurði Magnús ekki hvort væri hægt að senda út fjöldapóst á alla í Gróttu um að meistaraflokkur karla væri að fara að spila við HK nk. Föstudagskvöld 8.maí. Þjálfarar knattspyrnudeildar eiga að senda út póst til allra foreldra um leikinn.

## **2. Bréf knattspyrnudeildar til ÍTS v/gervigrass**

Bréf frá knattspyrnudeild til ÍTS rætt og ákveðið að Gitta sendi það á ÍTS á morgun 5.maí undirritað af formanni knattspyrnudeildar og bakkað upp af aðalstjórn.





### 3. Bréf frá blakdeild

Tekið var fyrir bréf frá blakdeild þar sem komu fram ýmsar óskir frá þeim varðandi aðstöðu, tæki, tímafjölda o.fl.

Allt verður skoðað og reynt eftir fremsta megni að verða að kröfum þeirra. Ásta og Gitta skoða málið.

### 4. Sumarnámskeið

Bæklingur um sumarnámskeið Gróttu kemur úr prentun á morgun 5.maí. Þar bjóða fimleika-,kattspyrnu- og handknattleiksdeild uppá hin ýmsu námskeið og akademíur. Smá breytingu þarf að gera á bæklingi og flýta byrjun á námskeiðum eftir að Grunnskólinn flýtti skólaslitum frá 8.júní til 5.júni.

### 5. Önnur mál

- Hannes talaði um að það vantaði tengingu á milli námskeiða hjá bænum og Gróttu. Rætt var hvort ekki væri góð hugmynd að Grótta tæki allt sumarstarfið yfir, þarf að athuga fyrir næsta sumar.
- Ásta bað allar deildir um að athuga með myndir af iðkendum til að stækka og setja upp í íþróttahúsi. Hún sagði líka frá því að styrktaraðilar óskuðu eftir myndum. Sendi hún myndir af meistaraflokkunum á td. Orkuna sem munu koma á skjánum þegar fólk tekur bensín. Búin að senda myndir á Olís og Íslandsbanka.
- Hannes ræddi um það þyrfti að fá nýjan bikaraskáp niðri í anddyri og voru allir sammála því.
- Hannes kom líka inná að setja upp skjá í anddyri sem væri notaður sem upplýsingaskjár. Þar myndu myndir og tilkynningar renna allan daginn fólk til gagns og gamans. Tækninefnd er með þetta til skoðunar og mun gera þarfagreiningu á þessu.
- Ásta bað um hugmyndir af einhverju sem væri hægt að hafa sem stuðningsdót veifur, fánar eða eitthvað engar sérstakar hugmyndir komu.
- Ásta sagði frá segli sem ætti að búa til með mynd af meistaraflokki kvenna í handknattleik og ætti að setja upp í íþróttasal. Ákveðið að bíða með að útbúa segl þangað til eftir úrslitaviðureignina við Stjörnuna. Þá verður vonandi hægt að bæta við Íslandsmeistarar til viðbótar við deildarmeistar og bikarmeistarar á seglið.
- Gitta minnti á að Grótta verður 50 ára 2016 og ekki hefur ennþá fundist neinn til þess að rita sögu Gróttu. Ásta og Gitta eru á fullu að tala við fólk og fá tilboð.
- Boðaði formaður til næsta fundar 1.júní.

Fundi slitið kl 21:31

